

Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Jólakveðjur
- Jólستمning

Næsti Pési kemur út 16. jan 2014

Athugið!!

Efni í Pésann-verður að berast í allra síðasta lagi 13. jan.

Efni í þessu blaði:

Förystugrein	2
Kvenfélagið	8
Hrunaspjall	9
Jólستمning	12
Hrunakirkja	14
Smárafréttir	22
Leikskólinn	24

Pési



Des 2013

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -

<http://www.facebook.com/pages/Hrunamannahreppur/305727359440557?ref=ts&fref=ts>
Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

23. árgangur. 277. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

JÓLA OG ÁRAMÓTAKVEÐIA

*Sendum íbúum
Hrunamannahrepps,
sumarhúsaeygendum og
öllum viðskiptavinum
nær og fjær,
hugheilar jóla og
nýárskveðjur með þakklæti
fyrir árið sem er að líða.*

*Sveitarstjórn og starfsfólk
Hrunamannahrepps*




Sveitarstjórapistill

Jólamánuðurinn mikli er nú runninn upp. Desember hefur heilsað okkur með smá vetri en það eru nú ekki alltaf jólin með veðurfarið eða þannig. Það minnir okkur óneytanlega á hvað heita vatnið okkar og öflugur rekstur Hitaveitu Flúða skiptir miklu máli fyrir flesta í samfélaginu og lífsgæði íbúanna.

Nú er vinnu við fjárhagsáætlun fyrir árið 2014, og reyndar líka árin 2015-2017, að ljúka og mjög spennandi að stilla upp þeim verkefnum sem sveitarfélagið ætlar að fara í á næstu árum. Hæst ber náttúrliga sú hugmynd að stækka íþróttahúsið í fulla stærð og byggja samhliða áhaldageymslu við það. Þetta er mikið verkefni og er áætlað að það fari fram á árunum 2014 og 2015 og kosti um 150 milljónir. Til að fjármagna verkefnið þarf eðlilega að taka lán fyrir framkvæmdinni en sveitarfélagið virðist vel geta staðið undir þeirri skuldbindingu og án þess að lánshlutfallið verði bagalegt. Hins vegar er með svona framkvæmd að menn ættu að vera skapandi að finna leiðir til að öflugir aðilar í samfélaginu taki þátt í slíkri samfélagslegri bót og einnig við að skoða allar leiðir til að halda kostnaði í lágmarki.

Að öðru leyti á þessi framkvæmd ekki að trufla mikið önnur fjárfestingar- og viðhaldsverkefni sem sveitarfélagið ætlar sér í á næstu árum. Það ætlum við hins vegar að framkvæma helst án lántöku og þar má hæst nefna að klára að malbika íbúðargötur á Flúðum á árunum 2014 og 2015. Árið 2014 verður ráðist í Hofatúnin og 2015 í Högnastíginn og Vesturbrúnn kláruð annað hvort árið. Þá er áfram gert ráð fyrir verulegum fjármunum í ytra viðhald á Flúðaskóla og í Félagsheimilið. Reynt verður að klára ákveðin viðhaldsverkefni á íbúðum sveitarfélagsins en við erum þó langt komin með það verkefni þannig að ástand þeirra sé að verða viðunandi. Þá á að halda áfram með minni verkefni eins og skruðgarðinn á Flúðum, laga umhverfi rétta, vinna að fegrun umhverfis o.fl. sem við höfum verið að vinna í undanfarin ár.

Til þess að hægt sé að vera í þessum verkefnum þarf sveitarfélagið að hafa nokkuð öfluga tekjustofna og það þýðir væntanlega að erfitt er að lækka almennt gjaldskrár og slíkt á komandi árum þó eðlilega þurfi menn að vera mjög vakandi yfir almennum rekstri og halda gjaldskrár hóflegum og sanngjörnum. Mikilvægt er því að reka sveitarstjóð með viðunandi afkomu, eimitt til að geta framkvæmt venjulega hluti án lántöku, og þannig er áætlunum næstu ára stillt upp.




Í þessu sambandi er mikilvægt að gjaldskrár endurspegli ákveðinn raunveruleika og má í því sambandi spá í hvernig gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu er núna stillt upp. Þar er ákveðið gjald lagt á heimili, annars vegar vegna hirðingar á grátunnu og hins vegar á blátunnu. Í heildina hækka þau gjöld enda eðlilegt þar sem óhjákvæmilega er aukakostaður við hirðingu á blátunnu. Hins vegar eru sorpeyðingargjöld lækkuð á íbúðarhús því við vonum að þessar blátunnuaðgerðir minnki almennt sorp og þar með sorpeyðingarkostnað. Í framtíðinni mætti einnig spá í hvort þessar aðgerðir leiði til þess að það þurfi ekki að hirða grátunnuna eins oft og er í dag, a.m.k. að vetrarlagi og þar með spara kostnað en reynslan verður koma í ljós með það.

Eitt enn með blátunnuna sem ég vil biðja íbúa að taka til greina en það á ekki að setja jólapappír í blátunnuna heldur sem almennt rusl í grátunnuna. Blessaður jólapappírinn er víst enginn pappír heldur platglanspappír.

Eitt sem ég vil minna á er að vegna inngöngu í Brunavarnir Árnessýslu mun sú breyting verða að nú fer slökkviliðið ekki í heimsóknir á heimili á Flúðum til að athuga með reykskynjara og slökkvitæki eins og er með önnur þéttbýli í Árnessýslu. Í sjálfu sér á maður alltaf að vera vakandi sjálfur yfir þessum hlutum og ekki treysta alfarið á aðra að öryggistæki séu í lagi á heimilum. Endilega prófið því reykskynjara og athugið með dagsetningar á skoðun slökkvitækja. Hægt er að fara með slökkvitækin í yfirhalningu niður á Selfoss m.a. til Slökkvitækjapjónustu Brunavarna Árnessýslu.

Á síðstu vikum hefur farið mikil vinna í að útbúa nýtt fyrirkomlag vegna sérfræðipjónustu fyrir skólana út af slitum Skólaskrifstofu Suðurlands nú um áramótin. Okkur hefur borið sú gæfa að Árnesingar utan Árborgar hafa staðið þétt saman í þessari vinnu og nú er búið að stofna sameiginlega Skóla- og velferðarþjónstu Árnesþings þar sem þessari þjónustu er fléttað saman við velferðarþjónustuna með ákveðnum hætti. Bind ég miklar vonir við að þetta fyrirkomulag gangi vel en búið er að auglýsa eftir starfsfólki vegna skólasviðs og var mikið af góðum umsóknum. Þá vil ég líka þakka starfsfólki Skólaskrifstofu Suðurlands fyrir einkar góð störf í gegnum tíðina.

Þá hafa sveitarfélögin Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur ákveðið að halda áfram með sameiginlegt Tæknisvið Uppsveita en árið í ár var tilraunaár með þetta verkefni sem við erum ánægð með hvernig til tókst.



Kemur þetta okkur vel í þeim uppbyggingaráformum sem stefnt er að, t.d. með stækkun íþróttahússins og vonandi sparar okkur mikið fé þegar á heildina er litið.

Annað verkefni sem er í skoðun er hvort haldið verði áfram með Matarsmiðjuna á Flúðum en ákveðin vandamál hafa verið hjá Matis að fá fjármagn til styrktar verkefnisins. Vonandi gengur þetta upp því Matarsmiðjan ætti að vera tækifæri fyrir svæðið til nýsköpunnar.

Annað stórt mál sem er í gangi eru deiliskipulagsmál á Flúðum og sérstaklega spennandi að vinna að heildarskipulagi fyrir miðsvæði Flúða. Sú vinna er í fullum gangi og verður fljótlega kynnt fyrir íbúum á nýju ári. Þá liggur einnig fyrir að á nýju ári þarf að fara í heildarendurskoðun á aðalskipulagi Hrunamannahrepps sem tekur eflaust 2 ár og er einnig mjög spennandi verkefni. Skipulagsmál eru nefnilega oft vanmetin en það þarf að hugsa vel fram í tímann til að skapa tækifæri og forða hugsanlegum vandamálum.


Eitt vil ég minna foreldra á að íþróttahúsið er ekki sá staður í sveitarfélaginu þar sem börn eru til þóssunar. Vandræði hafa skapast bæði fyrir starfsfólk og þá sem stjórna íþróttæfingum að börn, sérstaklega yngri hópurinn, bíði klukkustundum saman í stórum hópum fyrir æfingar og það hefur skapað vandamál innanhúss. Vil ég biðja foreldra að virða þau tímamörk að börn eigi ekki að jafnaði að mæta í íþróttahúsið fyrr en um 15 mín. áður en æfing hefst. Bent skal á það úrræði að skólaselið er starfandi fyrir börn í 1-5 bekk og börn sem eru eldri þurfa þá að skoða þá möguleika að fá annað athvarf en íþróttahúsið ef þau geta ekki af einhverjum orsökum verið heima hjá sér.

Að lokum vil ég minna fólk á að njóta adventunnar með fjölskyldunni á góðan hátt og finna hinn rétta jólaanda. Minnt er á að áramótabrenna verður á Flúðum og „þrettándabrenna“ og flugeldasýning Björgunarfélagsins Eyvindar verður laugardaginn 4. janúar 2014. Þá vil ég sérstaklega þakka öllu starfsfólki Hrunamannahrepps fyrir góð störf á árinu og sendi íbúum og gestum sveitarfélagsins mínar bestu jóla- og áramótakveðjur.

Eigum góð og gleðileg jól saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri



Fjallaraf

sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



LAGNA POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM
SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866
OPIÐ VIRKA DAGA 9-18
LAUGARDAGA 11-14

ÁMINNING!!!!

Þar sem nú styttest í jólin með öllu sínu pakkaflóði,
er minnt á að **jólapappír á ekki að fara í blátunnuna,**
heldur í **grátunnuna.....**




Hjónaball – Hjónaball – Hjónaball- Hjónaball

Hið árlega hjónaball verður haldið laugardaginn 1.
mars 2014. Takið daginn frá. Nefndin.







*Jólakveðja frá Hótel Flúðum
Óskum viðskiptavinum okkar og sveitungum,
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða
Starfsfólk Hótel Flúða*




*Frá Útlaganum
Sendum viðskiptavinum og
sveitungum
hugheilar jóla og nýárskeðjur.
Þökkum viðskiptin á árinu sem
er að líða*



*Áramótabrenna
verður í landi Sunnuhlíðar
kl: 20:30 á gamlárskvöld.
Þrettándabrenna verður á lóð
Tjaldmiðstöðvarinnar á Flúðum,
4.janúar 2013 kl: 20:00.
Brennustjórar*



*Okkar bestu óskir um
Gleðilega jólahátíð og
heillaríkt komandi ár.
Þökkum fyrir viðskiptin á
árinu sem er að líða.
Vélaverkstæðið
Klakkur*



*Björgunarfélagið Eyvindur
og unglíngadeildin Vindur
senda öllum
Hrunamönnum,
nærsvetungum og öðrum þeim
sem hafa styrkt okkur á einn eða
annan hátt, óskir um gleðileg jól
og gæfuríkt komandi ár með
þökk fyrir góðan stuðning á
liðnu ári.*

Kæru sveitungar, innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Stefaníu Bjarnadóttur

Reykjaflöt

Lárus Daníel Stefánsson
Sigfríð Lárusdóttir
Guðlaugur Garðar Lárusson
Anna Kristín Lárusdóttir
Elvar Logi Gunnarsson
Sveinn Víkingur Þorsteinsson
Þorgeir Elís Elvarsson



HÚSALEIGUBÆTUR

Viljum minna á að sækja þarf um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gilda umsóknir til áramóta (skv 10. gr laga um húsaleigubætur). Hægt er að lesa löginn í heild á velferdarraduneyti.is

**Umsóknir þurfa að berast á skrifstofu
Hrunamannahrepps fyrir 14. janúar 2014.
Sveitarstjóri**

Sá sem fékk lánaðan hitablásara í eigu Reiðhallarinnar, er vinsamlegast beðinn að skila honum STRAX.

Blásarinn er blár að lit 73 cm á kant, heitir BH 73-3 frá framleiðanda og var staðsettur við dómpall í Reiðhöllinni.

Ef einhver hefur upplýsingar um málið, vinsamlegast hafið samband við Helga Kjartansson í síma: 897 7623

**Frá launafulltrúa!!!!!!
Hlutadeigandi eru minntir á
að skila inn skýrslum um
nefndalaun og önnur ógreidd
laun vegna ársins 2013 í
síðasta lagi 19. desember nk.**

**Skrifstofa Hrunamannahrepps.
Opnunartími hreppsskrifstofu.
Mánudaga til föstudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00
Um jól og áramót er opið:
Þorláksmessa: 09:00-12:00
27.des: 09:00-16:00
30.des: 09:00-16:00**



Barnaskemmtun Kvenfélags Hrunamannahrepps í 70 ár

Margar hefðir eru fullkomlega þess virði að halda í þær.
Barnaskemmtun Kvenfélags Hrunamannahrepps er ein af þeim.

Við auglýsum Barnaskemmtunina nú í 70. sinn en þegar hún var auglýst í fyrsta sinn árið 1943, varð að fresta henni vegna farsóttar sem þá geisluðu um sveitina.

Vonum að nú í ár muni hvorki veður né farsóttir hamla komu ykkar á þessa árlegu skemmtun ☺



Vonumst til að sjá ykkur sem flest á þessari árlegu skemmtun,
laugardaginn 28. desember kl. 14.00.

Karl Hallgrímsson tónlistarmaður með meiru,
mun sjá um að skemmta gestum.

Kaffihlaðborð sveitunga á sínum stað og jólasveinarnir og sælgætið líka.

Nánar auglýst síðar með dreifibréfi.



Þorablót 2014

Takið 1. febrúar frá!

Þá verður þorablót í Félagsheimili Hrunamanna og hin frábæra hljómsveit
„**Blek og byttur**“ mun skemmta fram undir morgunn ☺.

Nánar auglýst með dreifibréfi í janúar.

Fjárflounarnefnd Kvenf. Hrun.
Stjórn og meðstjórnendur Kvenf. Hrun.

Freyjusjóður

Enn er hægt að sækja um í Freyjusjóði.
Sjá nánar á www.fludir.is/mannlif/felog

Kvenfélag Hrunamannahrepps

óskar sveitungum öllum og öðrum velunnurum á landinu öllu og um heim allan,
gleði og friðar á jólahátíðinni með kærri þökk fyrir frábæran stuðning á þessu ári.

Okkar bestu kveðjur,
Kvenfélag Hrunamannahrepps.



Hrunaspjall

Fregnir fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli

Nú nálgast jól og áramót og „börnin fara að hlakka til“ eins og segir í söngnum góða. Og jafnvel við sem eldri erum finnum eitthvað lifna innra með okkur, einhver gamall neisti sem glæðist og lifnar og fer jafnvel að loga glatt. Því það er einmitt svo undarlegt að jafnvel þótt margt sé með sama hætti í jólahaldi okkar ár eftir ár þá getur þar alltaf verið eitthvað nýtt að finna. Kannski helst við sjálf; tíminn, reynslan og þroskinn breytir okkur alltaf eitthvað, hægt og hægt. Þannig eru jólin svolítið eins og spegillinn. Hann getur verið sá sami ár eftir ár en það sem hann birtir, það getur breyst á ýmsan hátt. Þannig eru jólin alltaf ný með birtu sína og fagran boðskap, Jesúbarnið nýfætt í ilmandi jötunni. Bíður þess að við tökum það í faðminn og hjálpum því að vaxa og dafna.

En jafnvel þótt jólin séu flestum tími gleði og birtu þá finnast líka skuggar, þeim sem þola sorg og missi getur orðið þessi tími þungbær og við þurfum að vera okkur meðvituð um það og veita stuðning þar sem hans er þörf.

Sömuleiðis getur þröng fjárhagsstaða orðið nístandi einkum þar sem börn eru á heimili. Í því samhengi má geta þess að okkur prestunum er gjarnan treyst til að hafa milligöngu um einhvern stuðning af hálfu líknarsamtaka.

Megi góður Guð gefa okkur öllum gleðileg og blessuð jól.

Eiríkur Jóhannsson, Hruna.

Helgihald um jól og áramót.

Aðfangadagur 24. desember kl. 23:30

Aftansöngur í Hrunakirkju

Jóladagur 25. desember

Hátíðarmessa í Stóra- Núpskirkju kl. 11:00

Hátíðarmessa í Ólafsvallakirkju kl. 14:00

Hátíðarmessa í Hrepphólakirkju kl. 16:00.

Gamlársdagur 31. desember

Helgistund í Tungufellskirkju kl. 16:00.

Guðsþjónusta í **Skálholtsdómkirkju** kl.17:00,

boðuð fyrir allar uppsveitir. Prestur séra Axel Árnason Njarðvík.



Fyrir tilvonandi bændur og lengra komna



Josera steinefnafötur fyrir nautgripi, hross og sauðfé



Josera saltsteinar og bætiefnablokkir



Euro Start

Ungkálafóður - músti
Geftið ungdálflum
0 - 8 vikna gömlum



Nukamel blue

Undarrennudult fyrir ungdálfa



Josera gæðafóður fyrir gæludýrin

Amazing Gold hundarnir
geisla af gleði á Josera
hundafóðri



Gunnbjarnarhóli
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is

2013-2014

September

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30					

Október

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

Nóvember

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

Grátunna

Desember

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

Janúar

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

Febrúar

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	

Mars

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

Apríl

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

Mai

sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

Sorþirðudagar með fyrirvara vegna veðurs og annarra ástæðna

Jólastemning í Hrunamannahreppi

Laugardaginn 14. desember verður jólastemning í sveitinni.

Í húsi Björgunarfélagsins Eyvindar á Flúðum verður, frá kl 13:00 - 18:00 hin árlega jólatrjáasala björgunarfélagsins þar sem allar helstu tegundir eru í boði. -Jólamarkaður frá kl 13:00 til 16:00 með miklu úrvali og mörg söluborð og tombóla þar sem aðalvinningurinn er jólatré. Heitt súkkulaði og piparkökur verða í boði.

Ath. jólatrjáasalan er einnig opin á sunnudeginum 15. des frá 14:00 til 17:00.

Grænna Land verður með opið í skemmum sinni í Sneiðinni frá kl 13-16. Skreytingarefni, greni, greinar og fleira fyrir jólaskreytingar til sölu. Tekið er við pöntunum á skreytingum og leiðisskreytingum á staðnum.

Leikur og List verður með opið frá kl.13-17.

Dúkkusýning. Olíumyndir og steinar. Saumað, prjónað og þæft handverk. Björgunarfélagið Eyvindur fær 10% af allri sölu þennan dag.

Opið verður hjá Kaffi-Sel, golfskálanum frá kl. 12.00 til 20.00. Þar verður þjóðleg og listræn jólastemmin. Auk þess að baka ljúffengar pizzur þennan dag verður boðið upp á þjóðlega þjúgnaveislu með hráefni frá Böðmódsstöðum.

Gréta Gísladóttir, myndlistakona, setur upp vinnustofu í skálanum þar sem hún ætlar að mála og vera með verk sín til sýnis og sölu. Sjá nánar www.gretagisla.is



Bóndi Grétu, Karl Hallgrímsson, mun leika ljúfa tóna frá kl. 12.00 til 14.00 og kl. 18.00 til 19.00. Karl leikur m.a. sína eigin tónlist og býður til sölu geislaplötú sína „Héðan í frá“.

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Opnunartími .

Mánudaga til föstudaga	09:30-18:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga	11:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

Sundlaugin á Flúðum.



Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga: 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00

Opnunartími um jól og áramót.

23,24,25 og 26 des: LOKAÐ

27,28,29 og 30 des, venjulegur opnunartími.

31.des og 1.jan 2014 er LOKAÐ

Tækjasalur í íþróttahúsi.

Mánudaga til fimmtudaga kl: 16:00-21:30.

Föstudaga kl: 13:00-18:00

Um helgar er opið á laugardögum frá kl:12:00-15:00,

þegar mót eru í gangi.

Opnunartími í tækjasal um jól og áramót.

20. des opið frá 14:00-18:00

23,24,25 og 26 des. LOKAÐ

27 des opið frá 14:00-18:00

30. des opið frá 16:00-21:30

LOKAÐ á gamlársgang

2.janúar opið frá 16:00-21:30

3. janúar opið frá 14:00-18:00

Flutningaþjónusta Unnars




Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



Vöndull
FLUTNINGAÞJÓNUSTA
Sími 856 1580
vondull@simnet.is

Ferðir alla virka daga milli
Reykjavíkur, Hveragerðis,
Þorlákshafnar, Eyrarbakka,
Stokkseyrar, Selfoss,
Hellu, Hvolsvallar og
DREIFBÝLIS Í ÁRNESSÝSLU



Nesfrakt
Héðinsgötu 1-3 - Rvk.
Sími 533 2211

Ekki er ráð nema í tíma sé tekið, Hrunakirkja 150 ára.

Á síðasta aðalsafnaðarfundi Hrunasóknar var skipað í afmælisnefnd Hrunakirkju en nú styttest í 150 ára afmæli hennar. Hrunakirkja var byggð árið 1865 og væntanlega tekin í notkun í vetrarbyrjun það ár þótt ekki hafi öllum verkum verið lokið við þá miklu smíði. Haldið var upp á 100 ára afmæli kirkjunnar í nóvemberlok 1965, við þá messu voru m.a. fjögur börn skírð (lesandinn athugi það).

Afmælisnefndina skipa eftirtaldir fulltrúar: Marta Esther Hjaltadóttir, Guðrún Sveinsdóttir, Guðrún Emilsdóttir, Helgi Jóhannesson, Magga Brynjólfssdóttir og Eiríkur Jóhannsson.

Nefndin hefur þegar haldið einn fund og þar var m.a. ákveðið að stefna að hátíðarmessu í tilefni afmælisins þann 29. nóvember 2015.

Jafnframt var þar ákveðið að hefjast þegar handa með söfnun sögulegra upplýsinga er tengjast kirkjunni þennan langa tíma. Ekki væri síst dýrmætt að koma höndum yfir ljósmyndir, gamlar sem nýrri er tengjast athöfnum og starfi við kirkjuna. Sömu leiðis væri fengur að sögulegum fróðleik og skemmtisögum. Myndir verða skannaðar og skráðar og þeim skilað um hæll til eiganda.

Við viljum því biðla til Hrunamanna núverandi og fyrrverandi að hugleiða þetta og vita hvort ekki leynist eitthvað í þeim anda sem hér er minnst á og gaman væri að varðveita og setja í sögulegt samhengi. Hafa má samband við hvern nefndarmanna sem er og hann mun taka fagnandi við „góðum gjöfum“. Með jólakveðju, nefndin.

Hreppamaðurinn.

Hreppamaður heitir blað
hendingar og ræður.

Kæri vinir kaupði það
konur, menn og bræður.

Öll 12 rit Bjarna Guðmundssonar frá Hörgholti fást í Þverspyrnu á 4000 kr. öll ritin. Tilvalið í jólapakkann. Allur ágóði fer til líknarmála.

Verið velkomin.

Guðrún í Þverspyrnu.



Jólakveðja



Kaffi-Sel sendir öllum viðskiptavinum sínum ósk um gleðileg jól og farsælt komandi ár með þökk fyrir árið sem er að líða. Þökkum góðar viðtökur við Bændamarkaðinum í sumar.

Með hátíðarkveðju

Starfsfólk Kaffi-Sels

Símar: 486-6454/891-7811

Netfang: info@kaffisel.is



Jólakveðja

Sendum öllum óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári.

*Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða
Flúðaleið og SR-Grænmeti.*



VIOLA snyrtistofa

Högnastíg í Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plökkun.

Tímappantanir í Síma 856-1599



Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir

Upplit

Meningarklasi uppsveita Árnessýslu

Samkaup strax



Opnunartími í desember .

Sunnudagur	22. desember	11:00-17:00
Þorláksmessa	23. desember	09:30-18:00
Aðfangadagur	24. desember	10:00-13:00
Jóladagur og annar í jólum		LOKAÐ
Föstudagur	27. desember	09:30-18:00
Laugardagur	28. desember	10:00-18:00
Sunnudagur	29. desember	11:00-17:00
Mánudagur	30. desember	09:30-18:00
31. desember	Gamlársdagur	10:00-13:00
Nýársdagur	01.01.2013	LOKAÐ
Þriðjudagur	02.01.2013	09:30-18:00

JÓLAPÓSTKASSINN ER Á SÍNUM STAÐ

Frímerki eru seld í búðinni.

Munið helgartilboðin.

Bækur á tilboðsverði.

Þökkum viðskiptin á árinu

sem er að líða.

Jólakveðjur

Starfsfólk

Samkaupa Strax á Flúðum.

Sími: 466 6633

GLEÐILEG JÓL.





Eldri borgarar – jólakaffi
Hótel Flúðir býður eldri borgara
velkomna
í árlegt jólakaffi,
þriðjudaginn 17. desember kl: 16:00.



Húsnæði til leigu!
Til leigu er íbúð í Heimalandi fyrir eldri borgara.
Umsóknum skal skilað á skrifstofu
Hrunamannahrepps
fyrir föstudaginn 20. desember.
Nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri í síma 480 6600
eða á netfang: jon@fludir.is



Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar

Nudd & Heilsustofa Katrínar

Laugarvatni



***Heilsu-slökunarnudd/
NLP Dáleiðsla- Markþjálfun
Meðgöngunudd-Svæðameðferð***



Verið velkomin

Katrín Erla

***Heilsunuddari/NLP ráðgjafi
Tímar bókast eftir samkomulagi
Sími - 862-4809***



Hár-Hrun

**Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma**

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.



Fréttatilkynning

Ágæti lesandi fréttabréfsins, okkur langar að nota tækifærið hér á þessum vettvangi til að tilkynna breytingar sem verða á eftirliti slökkvitækja og reykskynjara í íbúðarhúsnæði í dreifbýlinu. Breytingar þessar munu taka gildi frá og með n.k. áramótum.

Nánari upplýsingar koma í dreifibréfi sem sent verður inná öll heimili. Eins má sjá upplýsingar á heimasíðu BÁ, WWW.babubabu.is eða hafa samband við okkur í síma 4-800-900

Breytt fyrirkomulag:

Lögð verður áhersla á eigið eftirlit, þ.e.a.s. eigendur mannvirkja huga meir en verið hefur að eigin eftirliti.

- Dregið verður úr ferðum á hvern bæ
- Eigendur slökkvitækja eru beðnir (hvattir) til að koma með slökkvitækin sín á þjónustustöð slökkvitækja, SPS, í slökkvistöðina við Árveg 1 Selfossi
- Í þjónustustöð fá húseigendur skiptitæki og rafhlöður

Fylgst verður með eftirlitinu og haft persónulegt samband við þá sem þurfa aðstoð við verkefnið.

Við gerum okkur grein fyrir að þessi breyting á fyrirkomulagi getur reynst harkaleg þar sem fasteignaeigendur hafa fengið heimsókn ár hvert varðandi brunavarnabátinn. Þessi breyting reynist okkur nauðsynleg þar sem allt rekstarumhverfi hefur tekið breytingum. Besta forvörnin er að við sjálf hugum að eigin eftirliti, á þeim nótum höfum við unnið saman og munum gera það áfram.

Með kveðju frá Brunavörnum Árnæssýslu





*Þakkir við viljum ykkur færa,
fyrir samúðarkveðjur og hlýju.
Hjörtu okkar þær bæta og næra,
í kærleik á ári nýju.*

*Um leið og við óskum ykkur gleðilegra jóla og gæfuríks
komandi árs, þökkum við góðan vinarhug vegna veikinda og
fráfalls elskulegrar eiginkonu og móður.*

Ölvir Karl Emilsson

Jonas Rafn

Tobias Már

Mathias Bragi

Með eftirfarandi hugvekju óska ég íbúum Hrunamannahrepps
gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs.

Jólahugvekja 2013

Geislar sólar glæða von í hjörtum,
gleði og birtu veita sálar yndi.
Gjafirnar í geislum hennar björtum,
glitrandi svo varma undir kyndi.

Núna er við heilög höldum jólin,
hátíð fyrir heimsbyggðina alla.
Að innst í okkar hjörtum skíni sólin,
ómur eins og himnesk jólabjalla.

HGG

Megi Guð og gæfan fylgja ykkur í komandi tíð.

Hátíðarkveðja.

Jón Gunnlaugsson fyrrverandi landpóstur
og Helga Guðrún Guðmundsdóttir.



Búfjäreigendur athugið!

Nú fer að renna út síðasti frestur til að skila forðagæsluskýrslu fyrir árið 2013.
Hvet ég alla til að skila á netinu(þeir sem það geta) eða senda mér skýrslurnar,
sem ég reikna út og sendi til Matvælastofnunar.

Skila þarf sem allra fyrst. Einnig má skila skýrslunum á skrifstofu
Hrunamannahrepps þar sem ég tek þær.

Loftur Þorsteinsson fv.búfjäreftirlitsmaður,-Ásastíg 10 b.



BÓKASAFN

Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFN

Nú eru margar nýjar, skemmtilegar og fróðlegar bækur komnar á bókasafnið. Því er um að gera að koma við og athuga hvað bíður spennandi í hillunum.

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Munið skilalúguna! ☺

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Verið hjartanlega velkomin.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



FLUGELDASALA

Flugeldasala Björgunarfélagsins Eyvindar verður sem hér segir, í húsi félagsins,

29. des frá kl. 13:00 – 22:00

30. des frá 17:00 – 22:00

31. des frá 10:00 – 16:00

Einnig verður salan opin 5. og 6. Janúar 2012.

Árlega hafa fyrirtæki og einstaklingar gert það að verkum að hægt hefur verið að setja upp stórkostlega flugeldasýningu hér í sveit.

Stefnt er að því að halda þessa árlegu flugeldasýningu laugardaginn 4. janúar, ef veður leyfir.

Hvetjum alla til að styrkja hana svo hún verði sem flottust!

Með ármótakveðju
Björgunarfélagið Eyvindur



Smárafréttir

DESEMBER 2013



Margt var um manninn í reiðhöllinni á Flúðum í lok nóvember þegar Jakob S. Sigurðsson kom og var með sýnikennslu. Jakob kom með 3 hross á ólíku tamningar og þjálfunarstigi og fór í gegnum uppbyggingu á vetrarþjálfun ásamt ýmsum atriðum sem vert er að huga að við þjálfunina. Ekki var annað að heyra en ánægja væri með kvöldið sem tókst í alla staði vel.



ATH !

**AÐALFUNDUR SMÁRA
VERÐUR HALDINN
20 JANÚAR 2014
KL. 20.30 Í
FÉLAGSHEIMILINU
Á FLÚÐUM**

REIDNÁMSKEID FYRIR FULLORDNA

Ísleifur Jónasson heldur einstaklingsmiðað námskeið í Reiðhöllinni á Flúðum á komandi vetri 2014. 5 skipti klukkutími í senn, 2-3 saman í hóp, fer eftir fjölda þátttakenda. Smárafélagar ganga fyrir. Fyrirhugað er að námskeiðið hefjist um miðjan febrúar.

Nánar auglýst síðar. Skráning á smari@smari.is

Námskeiðsgjald : 20.000 fyrir Smárafélaga 25.000 fyrir aðra.

Skráningarfrestur er til 20 janúar 2014.



N Ý J I R F É L A G A R

Nú þegar vetrarstarfið er að fara í gang viljum við nýta tækifærið og bjóða alla þá sem hafa áhuga á að taka þátt í störfum félagsins velkomna. Rétt er að benda á þá vinnureglu stjórnar að nýjir félagar teljast ekki gjaldgengir á mótum eða öðrum viðburðum í nafni félagsins fyrr en að 30 dögum liðnum frá umsókn um inngöngu í félagið. Umsókn má senda á smari@smari.is eða með því að hafa samband við einhvern í stjórninni.

ÞAÐ SEM M.A. ER FRAMUNDAN :

20 JANÚAR

8 FEBRÚAR

15 FEBRÚAR

21 FEBRÚAR

8 MARS

15 MARS

28 MARS

5 APRÍL

16 APRÍL

19 APRÍL

25 APRÍL

1 MAÍ

4 MAÍ

AÐALFUNDUR

ÚRTAKA FYRIR UPPSVEITAEILD

1 VETRARMÓT

FJÓRGANGUR UPPSVEITAEILD

UPPSVEITAEILD ÆSKUNNAR

2 VETRARMÓT

FIMMGANGUR UPPSVEITAEILD

3 VETRARMÓT

SAMEIGINLEGT TÖLTMÓT SMÁRA, LOGA OG TRAUSTA

UPPSVEITAEILD ÆSKUNNAR

TÖLT OG SKEIÐ UPPSVEITAEILD

FIRMAKEPPNI

UPPSVEITAEILD ÆSKUNNAR

Inn í þetta mun bætast smám saman tímasetningar á reiðnámskeiðum, fyrir börn og fullorðna sem og aðrir viðburðir sem ákveðnir verða svo fylgist vel með og hvetjum við alla til að skipuleggja sig tímalega og taka þátt í viðburðum hestamannafélagsins.

Til að hafa starf félagsins sem virkast og fjölbreyttast þurfa félagsmenn að hjálpast að og sem flestir að leggja sitt af mörkum. Nú þegar skipulagning vetrarstarfs er að hefjast hvetjum við þá sem hafa áhuga á að starfa í nefndum, stjórn eða vilja koma hugmyndum sínum á framfæri að hafa samband við okkur í stjórninni eða senda póst á smari@smari.is

GLEÐILEG JÓL OG FARSELT KOMANDI ÁR

Með von um ánægjulegt samstarf og samveru í fjölbreyttum og skemmtilegum viðburðum vetrarins.



Leikskólinn Undraland óskar eftir leikskólakennara til starfa. Um er að ræða tímabundna 70%-80% stöðu frá 1.janúar til 31.maí.

Vinnutími ca. frá 9.00-16.00.

Óskað er eftir jákvæðum, skapandi og metnaðarfullum einstaklingi með góða hæfni í mannlegum samskiptum sem er tilbúinn að taka þátt í að vinna að uppeldi og menntun barnanna.

Ef ekki fæst fagmáður til starfa mun leiðbeinandi verða ráðinn í stöðuna.

Umsóknir berist í leikskólann fyrir 20.desember. Upplýsingar gefur Halla leikskólastjóri í síma 4806620 og 8653575 eða á netfangið halla@undraland.is

Við óskum ykkur öllum
Glæðilegra jóla og
farsældar á nýju ári



Kærar
jólakvæðjur
börn og
starfsfólk
Leikskólanum
Undralandi.

